

Ársskýrsla OR 2022

Viðaukar



Loftslagsmarkmið OR samstæðu og staða þeirra 2016-2030




Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Föngun og förgun koltvíoxíðs í berg með CarbFix hjá Orku náttúrunnar | 2 |
| Losun vegna borana Orku náttúrunnar | 3 |
| Hagnýting koltvíoxíðs frá Hellisheiðarvirkjun í jarðhitagarði við virkjunina..... | 3 |
| Losun vegna úrgangs frá verkstað Orku náttúrunnar | 4 |
| Losun vegna úrgangs frá rekstri og verkstað Veitna | 5 |
| Losun vegna nýframkvæmda og viðhalds hjá Veitum | 6 |
| Losun vegna notkunar stórra bíla og tækja hjá Veitum..... | 7 |
| Losun vegna matarsóunar samstæðu OR..... | 8 |
| Losun vegna skrifstofuúrgangs samstæðu OR | 9 |
| Losun frá bílafloata samstæðu OR | 10 |
| Losun vegna flugferða starfsfólks samstæðu OR | 11 |
| Losun vegna ferða starfsfólks OR í og úr vinnu | 12 |
| Binding koltvíoxíðs með landbótum..... | 13 |

Ljósmynd á forsiðu: Belinda Eir Engilbertsdóttir

Föngun og förgun koltvíoxíðs í berg með CarbFix hjá Orku náttúrunnar


Grafið sýnir markmið samstæðu OR um að koma í veg fyrir losun koltvíoxíðs með því að binda það í berg með CarbFix aðferðinni 2016 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Föngun og förgun í berg náði markmiðinu árið 2021. Hlutfallsleg niðurdæling koltvíoxíðs var 26% árið 2022 en var 29% árið 2021 en þetta hlutfall minnkaði vegna viðgerða á lofthreinsistöð á Hellisheiði. Stefnt er að því að auka verulega niðurdælingu með CarbFix aðferðinni við Hellisheiðarvirkjun 2025 og einnig við Nesjavallavirkjun 2030 sem lið í að gera starfsemina kolefnishlutlausu.



Losun vegna borana Orku náttúrunnar


Gröfin sýna markmið Orku náttúrunnar um losun gróðurhúsalofttegunda vegna borana á Hellisheiði og Nesjavöllum 2016 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Árið 2016 var sett það markmið að borun háhitaholna og niðurdælingarholna yrði knúin með raforku frá Orku náttúrunnar. Þess vegna fellur losun vegna raforkunnar sem nýtt er í borverkið undir umfang 1 þ.e. beina losun.

Frá og með árinu 2017 hefur markmiðið verið uppfyllt.



Hagnýting koltvíoxíðs frá Hellisheiðarvirkjun í jarðhitagarði við virkjunina


Grafið sýnir markmið Orku náttúrunnar (ON) 2025-2030. Gert var ráð fyrir að hefja hagnýtingu í jarðhitagarði við Hellisheiðarvirkjun árið 2018 en verkefnið er enn í undirbúningi og þróun.




Losun vegna úrgangs frá verkstað Orku náttúrunnar

Gröfin sýna markmið Orku náttúrunnar (ON) um losun vegna úrgangs frá verkstað (virkjanasvæðum ON) árin 2016 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Markmið náðist árið 2022 en stærsti hluti sporsins kemur til vegna urðunar á almennum úrgangi og fráveituúrgangi. Þegar losun frá úrgangi almennt er reiknuð er horft til úrgangsgerðar (almennur úrgangur, pappír, plast ofl.), meðhöndlunar (urðun, endurnýting ofl.) og magns. Umreiknistuðlar sem eru notaðir til að ákvarða losun eru fengnir frá orkustofnun Bretlands*.

Losun vegna úrgangs frá verkstað ON



Losun vegna úrgangs frá verkstað ON á stöðugildi




*U.K. Department for Business, Energy & Industrial Strategy. "2022 Government GHG Conversion Factors for Company Reporting". August 2022


Losun vegna úrgangs frá verkstað Veitna

Gröfin sýna markmið Veitna um losun vegna úrgangs frá verkstað 2016 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Markmið náðist ekki árið 2022. Þegar losun frá úrgangi almennt er reiknuð er horft til hvernig hann er meðhöndlaður (almennur úrgangur, pappír, plast ofl.) og magns. Umreiknistuðlar sem eru notaðir til að ákvarða losun eru fengnir frá orkustofnun Bretlands*.

Losun vegna úrgangs frá verkstað Veitna



Losun vegna úrgangs frá verkstað Veitna á stöðugildi




*U.K. Department for Business, Energy & Industrial Strategy. "2022 Government GHG Conversion Factors for Company Reporting". August 2022


Losun vegna nýframkvæmda og viðhalds hjá Veitum

Gröfin sýna markmið Veitna um losun gróðurhúsalofttegunda vegna nýframkvæmda og viðhaldsverkefna 2016 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Markmiðið náðist ekki árið 2022. Losunin tekur mið af skurðvinnu Veitna og verktaka Veitna vegna lagnavinnu, viðhalds, skurðvinnu og nýbygginga.

Losun vegna nýframkvæmda og viðhalds hjá Veitum




Losun vegna nýframkvæmda og viðhalds á stöðugildli hjá Veitum




Losun vegna notkunar stórra bíla og tækja hjá Veitum

Gröfin sýna markmið Veitna um losun gróðurhúsalofttegunda vegna eldsneytisnotkunar frá bílafloata, frá öllum stórum ökutækjum og rafölum 2016 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Árið 2022 náðist markmiðið ekki þrátt fyrir Covid heimsfaraldurinn í byrjun árs 2022 en losunin var undir grunngildinu. Sé horft til losunar á fjölda starfsfólks hjá Veitum náðist markmið ársins. Fáir raunhæfir möguleikar eru á hreinni valkostum, en Veitur munu bæta við ökutækjum sem nýta hreina orku þegar þau koma á markað.

Losun vegna notkunar stórra bíla og tækja hjá Veitum




Losun vegna notkunar stórra bíla og tækja á stöðugildi hjá Veitum




Losun vegna matarsóunar samstæðu OR

Gröfin sýna markmið samstæðu OR um losun gróðurhúsalofttegunda vegna matarsóunar frá 2017 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Árið 2017 hófust mælingar á matarsóun og það ár er notað sem viðmiðunarár. Matstofu OR vigtaði ekki matarafgangna eftir að Covid heimsfaraldurinn hófst og eru því ekki sýndar niðurstöður um matarsóun fyrir árið 2020 og 2021. Stór hluti starfsfólks vann heima og borðaði ekki í matstofu OR.

Losun vegna matarsóunar




Losun vegna matarsóunar á stöðugildi




Losun vegna skrifstofuúrgangs samstæðu OR

Gröfin sýna markmið samstæðu OR um losun gróðurhúsalofttegunda vegna skrifstofuúrgangs 2016 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Markmið náðist ekki árið 2022, þegar losun frá úrgangi almennt er reiknuð er horft til hvernig hann er meðhöndlaður (almennur úrgangur, pappír, plast ofl.) og magns. Umreiknistuðlar sem eru notaðir til að ákvarða losun eru fengnir frá orkustofnun Bretlands*.

Losun vegna skrifstofuúrgangs



Losun vegna skrifstofuúrgangs per starfsmann




*U.K. Department for Business, Energy & Industrial Strategy. "2022 Government GHG Conversion Factors for Company Reporting". August 2022


Losun frá bílafloata samstæðu OR

Gröfin sýna markmið samstæðu OR um losun gróðurhúsalofttegunda vegna bílafloata frá 2016 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Árið 2022 náðist ekki markmið um losun frá bílafloata. Árið 2022 var ákveðið að kolefnisjafna losunina frá bílafloatanum með endurheimt votlendis á vegum Votlendissjóðs og draga úr losun með þróunarverkefnum á vegum Sameinuðu þjóðanna, sjá Umhverfisuppgjör samstæðu OR 2016-2022.

Losun frá bílafloata samstæðu OR




Losun frá bílafloata samstæðu OR á stöðugildi




Losun vegna flugferða starfsfólks samstæðu OR

Gröfin sýna markmið samstæðu OR um losun gróðurhúsalofttegunda vegna flugferða starfsfólks frá 2016 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Árið 2021 minnkaði losun miðað við árin 2019 og 2020 vegna áhrifa Covid heimsfaraldursins á ferðir starfsfólks og ferðabanns hjá OR. Þetta á einnig við þegar horft er til losunar á starfsmanneskju. Gögn um flugferðir eru fengin úr bókhaldskerfi OR samstæðunnar. Þetta er erfiður losunarflokkur þar sem eldsneytisgjafi er utan ramma OR samstæðunnar og það er ekki um marga hreina valkosti að ræða til að skipta út hefðbundnum flugferðum. Þó eru tækifæri til að draga úr losun með því að nýta oftar fjarfundi, fara yfir þörf flugferða t.d vegna ráðstefna sem unnt er að sækja á Netinu.

Losun CO2 vegna flugferða



Losun CO2 vegna flugferða per starfsmann




Losun vegna ferða starfsfólks OR í og úr vinnu


Gröfin sýna markmið samstæðu OR um losun gróðurhúsalofttegunda vegna ferða starfsfólks í og úr vinnu frá 2016 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Árin 2020 og 2021 minnkaði losunin verulega enda stór hluti starfsfólks í fjarvinnu heima eftir að Covid heimsfaraldurinn hélt innreið sína í mars.

Til að leggja mat á losun vegna ferða í og úr vinnu er horft til búsetu starfsfólks eftir pósthúsnúmerum, en um er að ræða samþykka aðferðafræði.

Losun vegna ferða í og úr vinnu



Losun vegna ferða í og úr vinnu á stöðugildi



Binding koltvíoxíðs með landbótum

Gröfin sýna markmið OR samstæðunnar um bindingu koltvíoxíðs með landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis á landi OR 2016 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Markmiðið náðist ekki árið 2022 en er þó yfir grunngildinu.

Ákveðið var að kolefnisjafna losun frá bílafloða, flugi og fleira fyrir árið 2022 með styrkingu loftslagsverkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna, sjá Umhverfisuppgjör samstæðu OR 2016-2022.

